

# Fagráð í hrossarækt

## 100. fundur

Staður og stund: Teams fundur, laugardaginn 20. nóvember 2021, kl 10.00

Mættir: Sveinn Steinarsson formaður, Gunnar Kristinn Eiríksson, Mette Mannseth. Erlendur Árnason, Sveinn Ragnarsson og Elsa Albertsdóttir.

### Dagskrá:

1. Fundarsetning.
2. Hrossaræktarráðstefna
  - Fyrirkomulag og tímasetning
  - Mögulegir fyrirlestrar: Susanne Braun um *faraldsfræðilega könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum* og Heiðrún Sigurðardóttir um fyrstu niðurstöður úr doktorsverkefni hennar um *erfðafræðilegan grunn gangtegunna íslenska hestsins*
3. Kynbótamatsniðurstöður og afkvæmaverðlaun
4. Tilnefningar til ræktunarbú ársins
5. Kynbótaknapi ársins
6. Tilnefning fulltrúa ræktenda í ræktunarnefnd FEIF
7. Annað

1. Formaður fagráðs setur fundinn og býður fólk velkomið.
2. Hrossaræktarráðstefna

Fyrirkomulag og tímasetning hrossaræktarráðstefnunnar rædd. Á henni verður farið yfir hefðbundna dagskrárliði s.s. niðurstöður sýningarársins, samanburður við fyrri ár og hvernig helstu breytingar dómkerfinu birtast í þeim. Enn fremur verður farið yfir niðurstöður nýs kynbótamats, afkvæmahross veitt viðurkenning sem og hross er hlutu hæstu einkunnir á árinu, bæði í aðaleinkunn og fyrir hæfileika, og kynnt tilnefnd ræktunarbú ársins 2021.

Stefnt var að því fyrir á árinu að endurskoða mörk afkvæmahryssna til verðlauna auk aldursleiðréttingar á aðaleinkunn. Þessi vinna hefur ekki verið hafin en fyrir liggur að gera úttekt á því á næstu misserum.

Markmið er að hafa ráðstefnuna bæði með hefðbundnum sniði auk þess að streyma henni.

Mögulegir fræðslufyrirlestrar til kynningar á ráðstefnunni er erindi frá Susanne Braun um *Faraldsfræðilega könnun á kynsjúkdómum hjá íslenskum hestum* og erindi frá

Heiðrónu Sigurðardóttur um fyrstu niðurstöður úr doktorsverkefni hennar um *Erfðafræðilegan grunn gangtegunda íslenska hestsins*

### 3. Kynbótamatsniðurstöður og afkvæmaverðlaun

Helstu niðurstöður kynbótamatsútreikninga haustið 2021 liggja loks fyrir. Þær berast heldur seint í ár en það komu fram annmarkar í forritum sem þurfti að laga og í framhaldi voru endurútreikningar gerði til þess að tryggja rétt mat.

Að þessu sinni ná átta hryssur á Íslandi lágmarkum fyrir heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Þar af eru þrjár á grunni aðaleinkunnar án skeið. Í fyrra var metár í fjölda hryssna sem hlutu heiðursverðlaun eða 31 hryssa talsins sem skýrðist fyrst og fremst af nýtilkomnum breytingum á útreikning kynbótamats, þar sem bæði tilkoma mætingareiginleika og verðlaunaveitingar á grunni aðaleinkunnar án skeiðs skiptu mestu máli. Nú er fjöldi hryssna sem hljóta verðlaun svipaður og fyrir breytingarnar og virðist því vissu jafnvægi vera náð. Það verður því miðað við sömu lágmark og áður þ.e. að lágmarki 5 dæmd afkvæmi og 116 stig í kynbótamati aðaleinkunnar eða aðaleinkunnar án skeiðs, röðun hryssna í sæti verður eftir sem áður skv. kynbótamati aðaleinkunnar. Glettubikarhafinn í ár er Ösp frá Hólum.

Eftir útreikninga hljóta að þessu sinni tveir stóðhestar fyrstu verðlaun fyrir afkvæmi, Hringur frá Gunnarsstöðum og Hreyfill frá Vorsabæ og Sjóður frá Kirkjubæ hlýtur heiðursverðlaun fyrir afkvæmi. Að auki hljóta Konsert frá Hofi, Hnokki frá Fellskoti og Hófur frá Varmalæk afkvæmaverðlaun en þeir eru staddir erlendis.

### 4. Tilnefningar til ræktunarbú ársins

Í ár eru 14 bú sem eru tilnefnd til ræktunarbú ársins. Reglur fagráðs miðast við að tilnefnd skulu 12 bú en að þessu sinni eru 3 jöfn að stigum í sæti 12-14. Umræður sköpuðust um tilnefningar nokkurra búa. Vegna skráningar ræktenda hrossa að teknu tilliti til upprunanúmers og fastanúmers. Það er kveðið á um í reglum fagráðs að *sá hrossahópur sem komi til álita hvert ár sem grundvöllur tilnefndra ræktunarbúa verði að hafa sama uppruna/upprunanúmer. Skráðir ræktendur hrossanna verða að vera skráðir undir upprunanúmeri búsins og kennitölur ræktenda hrossanna hvort sem eru einstaklingar eða ekki, séu á sömu fastanúmerum. Þá er undantekning að tengja megi tvö upprunanúmer ef viðkomandi ræktendur hafi flust búferlum eða rækti hross á tveimur jörðum, enda er um sama rekstur að ræða. Til að Fagráð geti tekið tillit til þannig aðstæðna þarf að tilkynna þetta fyrir 1 maí, ár hvert.*

### 5. Kynbótaknapi ársins

Rætt var um tilnefningu kynbótaknapa ársins. Síðustu ár hefur verið leitað til BÍ/RML um tilnefningu kynbótaknapa ársins en hún hefur verið samkvæmt staðlaða útreikninga á árangri knapa s.s. fjölda sýndra hrossa, aldurleiðréttra aðaleinkunn, tíðni áverka og tekið tillit til áminninga v/grófrar reiðmennsku. Það var ekki gert í ár. Þessi viðurkenning hefur verið veitt á sameiginlegri uppskeruhátíð Landsambands hestamannafélaga og Félags hrossabænda. Í ár var hún ekki haldinn og LH sá um þessa tilnefningu sem er umhugsunarvert þar sem þetta er ekki keppnisgrein.

Umræður spunnust upp um að jafnvel fleiri nálganir ættu rétt á sér í tilnefningu kynbótaknapa ársins og þá hugsanlega einhver flokkaskiptingu t.a.m. eftir fjölda sýndra hrossa, knapa sem sýna aðeins hross frá sama/eigin uppruna og enn fremur að taka tillit til ungra og efnilegra knapa.

6. Tilnefning fulltrúa til ræktunarnefndar FEIF

Rætt var um tilnefningu fagráðs um fulltrúa ræktenda í ræktunarnefnd FEIF en beiðni þess efnis kom fram á fundi FEIF október síðastliðinn.

7. Annað

Rætt var um birtingu þess hvaða dómara dæmdu á kynbótasýningum og rök með og á móti. Engin ákvörðun var tekin um breytingu á því núverandi fyrirkomulagi.

Fleira var ekki tekið fyrir.

Fundi slitið klukkan 14:00

Við pennann: Elsa Albertsdóttir